

Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2006.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (MS, EOK, ArnþS, BJJ, DrH, ÁMöl, BHar).

1. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 2.24 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91 og semja við Listaháskóla Íslands um aðra hentuga lausn á húsnæðismálum skólans.
 - 2.25 Að selja flugafgreiðslu á Húsavíkurflugvelli.
 - 2.26 Að selja einangrunarstöðina í Hrísey.
2. Við 6. gr. Liður 3.23 orðist svo:

Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Brautarholt 6, Reykjavík, og leigja hentugra húsnæði.
3. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 4.54 Að selja jörðina Borg í Skriðdal í sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði.
 - 4.55 Að selja hluta jarðarinnar Þormóðsdals í Mosfellsbæ.
 - 4.56 Að selja hluta jarðarinnar Saurbæjar í Eyjafjarðarsveit.
 - 4.57 Að selja íbúðarhúsið Sigtún í Grímsey.
 - 4.58 Að selja jörðina Þrándarstaði í Kjósarhreppi.
4. Við 6. gr. Liður 5.1 falli brott.
5. Við 6. gr. Nýr liður:
 - 5.3 Að selja hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja.
6. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 6.24 Að kaupa húsnæði fyrir skammtí mavistun fatlaðra á Suðurnesjum.
 - 6.25 Að kaupa húsnæði fyrir skammtí mavistun fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.
 - 6.26 Að kaupa húsnæði fyrir þrjú sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
 - 6.27 Að kaupa 25 íbúðir vegna átaks í málefnum geðfatlaðra.
 - 6.28 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sameinaða stofnun Heyrnar- og talmeinstöðvar og Sjónstöðvar.
 - 6.29 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir líknardeild á Akureyri.
7. Við 6. gr. Liður 7.8 falli brott.
8. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 7.11 Að heimila Háskóla Íslands að gera lóðarleigusamning um hluta aflóðarréttindum skólans í Vatnsmýri í Reykjavík vegna uppbyggingar vísindagarða.
 - 7.12 Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að stofna hlutafélag um öflun og sölu raforku í samstarfi við aðra aðila á raforkumarkaði og leggja félaginu til nauðsynlegar eignir.